

2. gr.

2. og 3. mgr. 8. gr. orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað. Á hverjum veitingastað, þar sem leyfðar eru áfengisveitingar, skal liggja frammi verðskrá, sem gestir eiga aðgang að, um verð á þeim áfengistegundum, sem þar eru á boðstólum. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt á heilli krónu, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum. Á veitingastað skal með sama hætti liggja frammi verðskrá um verð á öðrum veitingum, (mat og óáfengum drykkjum), sem þar eru á boðstólum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Nota skal eingöngu mælitæki sem hlotið hafa löggildingu. Óheimilt er að framreiða öl, sem áður hefur verið blandað áfengi.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Veitingamönnum, sem hafa með höndum veitingar áfengis, er skylt að gæta þess, að veitingar og umgengni séu með menningarbrag. Veitingamönnum er þannig skylt að gæta þess að óáfengir drykkir séu jafnan fram bornir þegar boðnir eru áfengir drykkir. Ber þeim að gæta þess, að veitingahús þeirra fullnægi ávallt þeim skilyrðum, sem í áfengislögnum eru sett fyrir því, að þeir geti öðlast leyfi til áfengisveitinga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 15. september 1985.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. ágúst 1985.

Jón Helgason.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206 17. apríl 1984 um gatnagerðargjöld í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Til 1. janúar 1989 skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Eigendur eignarlóða, aðrir en þeir sem borgarstjórn hefur gert sérstakan samning við, handhafar leigulóða og lóðarhafar lóða, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, en hafa enn ekki fengið leigulóðarsamning, geta sótt um nýbyggingar, stækkanir og breytingar húsa til byggingarnefndar skv. nýtingarhlutfalli samþykks aðal- eða deiliskipulags. Gatnagerðargjald greiðist þennan tíma hvorki af eignarlóðum né leigulóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959. Á tímabilinu 1. janúar 1988 til 31. desember 1988 skal greiða ½ gatnagerðargjald af eignarlóðum og lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959, en eftir 1. janúar 1989 skal greiða af þeim fullt gjald.

Af öðrum lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað, skal greiða gatnagerðargjald skv. því rúmmetragjaldi, er gildi þegar úthlutun fór fram eða þeim skilmálum, er úthlutun fylgdu.

Felli byggingarnefnd úr gildi byggingarleyfi húss, byggingaráfanga eða stækkunar, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar gr. 3.4.6., 1. mgr., eftir 1. janúar 1989 skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu að fasteignum innan hreppsins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, samþykkir hreppsnefnd Suðureyrarhrepps að áskilja Suðureyrarhreppi forkaupsrétt að öllum fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal-, deiliskipulags fyrir Suðureyrar-kauptún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.

1. gr.

1. málsg. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 609 11. ágúst 1983, orðist svo:
Verð hverrar getraunaraðar er kr. 3,75.

2. gr.

6. málsg. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 11 10. janúar 1984, orðist svo:
Vinningar, sem ekki ná kr. 250,00, skulu ekki greiddir út. Ef vinningshlutar í 2. flokki ná ekki kr. 250,00, bætist vinningsfjárhæð 2. flokks við vinningsfjárhæð 1. flokks og skiptist heildarvinningsupphæð vikunnar þá milli seðla í 1. vinningsflokki. Nú nær vinningshluti í 1. flokki ekki kr. 250,00 og fellur þá greiðsla vinninga í þeirri viku niður, en vinningsupphæðinni skal þá bætt við heildarvinningsupphæð næstu getraunaviku á eftir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. ágúst 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.